

**2011 nr. 87 23. júní****Lög um gistináttaskatt**

**Tóku gildi 1. janúar 2012.** *Breytt með:* L. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.). L. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.). L. 59/2017 (tóku gildi 21. júní 2017 nema 4., 9.–11., 16. og 18.–25. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017, b- og c-liður 2. gr. og 6. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018 og 3. gr. sem tók gildi 1. jan. 2019 skv. l. 96/2017, 48. gr.; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 26. gr.). L. 25/2020 (tóku gildi 1. apríl 2020). L. 131/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022 nema d-liður 20. gr. sem tók gildi 31. des. 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 61. gr.). L. 102/2023 (tóku gildi 1. jan. 2024 nema 8. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2034, a-liður 11. gr. og 22. gr. sem taka gildi 1. jan. 2025 og 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. sem tóku gildi 30. des. 2023; um lagaskil sjá 36. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málafnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.

**■ 2. gr. Gistináttaskattur.**

□ Greiða skal í ríkissjóð gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. . . .<sup>1)</sup>

□ [Með gistináttaeiningu er átt við leigu á gístaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gístaðstöðu er átt við húsnæði eða svæði, þar á meðal um borð í skemmtiferðaskipi, sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.

□ Greiða skal gistináttaskatt fyrir gístaðstöðu á:

a. gístað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II–IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði, gístaði og skemmtanahald, nr. 85/2007,

b. tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi,

c. skemmtiferðaskipi á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, sbr. 2 gr. tollalaga, nr. 88/2005.<sup>1)</sup>

□ [Gistináttaskattur af hverri gistináttaeiningu skal vera sem hér segir:

1. Fyrir gístaðstöðu skv. a-lið 3. mgr. 600 kr.
2. Fyrir gístaðstöðu skv. b-lið 3. mgr. 300 kr.
3. Fyrir gístaðstöðu skv. c-lið 3. mgr. 1.000 kr.<sup>1)</sup>

□ [Skattskyldir aðilar skv. 4. gr. sem eru í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt skulu tilgreina<sup>1)</sup> gistináttaskatt á söluveitingu eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts.

<sup>1)</sup> L. 102/2023, 1. gr.

**■ 3. gr. Undanþágur.**

□ [Ekki skal innheimta gistináttaskatt í eftirfarandi tilvikum:

a. við sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.,

b. við sölu gistingar til dvalargesta um borð í skemmtiferðaskipi ef skipið leggst að höfn og fyrir liggur með sannanlegum hætti að skipið hafi verið í nauðum statt vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda eða ofriðar,

c. fyrir gístaðstöðu sem áhöfn skipsins og annað starfsfólk þess hefur til umráða um borð í skipinu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2023, 2. gr.

**■ 4. gr. Skattskyldir aðilar.**

□ [Öllum þeim sem selja gistináttaeiningar skv. a- og b-lið 3. mgr. 2. gr. og rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. c-lið 3. mgr. 2. gr., sem notuð eru í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, ber skylda til að innheimta gistináttaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

□ Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. c-lið 3. mgr. 2. gr., sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, ber að standa skil á gistináttaskatti í ríkissjóð.<sup>1)</sup>

□ Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst. [Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa, sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, er heimilt að skrá sig á gistináttaskattskrá skv. 4. mgr. í eigin nafni.<sup>1)</sup>

□ Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 102/2023, 3. gr.

**■ 5. gr. Álagning gistináttaskatts.**

□ [Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttaskatts skv. 2. gr.

□ Skattskyldir aðilar skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistináttaeininga.

□ Uppgjörstímabil gistináttaskatts hjá skattskyldum aðilum skv. a- og b-lið 3. mgr. 2. gr. og hjá rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. c-lið 3. mgr. 2. gr., sem notuð eru í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, skulu vera þau sömu og uppgjörstímabil virðisaukaskatts skv. 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Gjaldddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

□ Uppgjörstímabil gistináttaskatts hjá rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. c-lið 3. mgr. 2. gr., sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, telst vera sá tími á meðan skipið er innan tollsvæðis ríkisins hverju sinni. Gjaldddagi er sami dagur og þegar skip yfirgefur tollsvæði ríkisins.

□ Eigi síðar en á gjaldddaga skv. 3. og 4. mgr. skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda seldra gistinátta á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Beri gjaldddaga gistináttaskatts skv. 3. og 4. mgr. upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

□ Skýrslur vegna gistináttaskatts skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2023 4. gr.

**■ [5. gr. a.**

□ Endurgreiða skal gistináttaskatt á grundvelli alþjóðasamninga og tvíhliða samninga sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Með sama hætti skal endurgreiða gistináttaskatt til erlends liðsfla og borgaralegra deilda hans, þ.m.t. Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna og annarra aðila sem undanþegnir skulu gistináttaskatti samkvæmt alþjóðasamningum, tvíhliða samningum eða sérstökum lögum þar um.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2017, 25. gr.

**■ 6. gr. Viðurlög.**

□ Sé gistináttaskatti ekki skilað á réttum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga. Álag skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjaldddaga, þó verður það ekki hærra en 10%.

□ Sé skatti ekki skilað innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

□ Heimilt er innheimtumanni ríkissjóðs að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstöðvar og gistaðstöðu hans undir innsigli.

■ **7. gr. Ýmis ákvæði.**

□ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

■ **8. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

■ **9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og gilda um þær gistináttæiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.

[Ákvæði til bráðabirgða

■ **I.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. skal ekki innheimta gistináttaskatt af sölu gistingar sem veitt er á tímabilinu 1. apríl 2020 til og með 31. desember [2023].<sup>1)</sup>

□ Fari afhending gistiþjónustu fram eftir 31. mars 2020 skal ekki innheimta gistináttaskatt á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu gistiþjónustu hefur verið gerður fyrir 1. apríl 2020.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2021, 39. gr. <sup>2)</sup> L. 25/2020, 8. gr.

■ **[II.]**

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal gjalddagi gistináttaskatts vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2020 vera 5. febrúar 2022.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 25/2020, 8. gr.

■ **[III.]**

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. ber ekki að greiða gistináttaskatt vegna sölu gistináttæiningar sem afhent er á árinu 2024 eða síðar enda sé sölureikningur fyrir heildarverði gistingar gefinn út fyrir 1. janúar 2024.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2023, 5. gr.